

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Jakobi Sindra Þórssyni
Efni: Mælaborð barna
Dags: 4.2.2022

- Samkomulag milli barnamálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Háskóla Íslands um framkvæmd æskulýðsrannsóknar var undirritað 23. september 2021 sem gildir til ársins 2026. Menntavísindasvið Háskóla Íslands mun fyrir hönd háskólans bera ábyrgð á fyrirlögn rannsóknarinnar.
- Rannsóknin byggir á grunni alþjóðlegu rannsóknarinnar Heilsa og líf skjör skólanema (e. Health behaviours in School-Aged Children, HBSC) sem hefur verið framkvæmd á fjögurra ára fresti á Íslandi með tilstyrk Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.
- Gagnasett rannsóknarinnar er alþjóðlega samanburðarhæft og verður aðgengilegt almenningi til greininga án kostnaðar.
- Mælaborð um velferð barna á Íslandi er í smíðum hjá vinnuhópi á vegum barnamálaráðuneytisins sem byggist á gögnum rannsóknarinnar. Fulltrúar Kópavogsbæjar eru þátttakendur í vinnuhópnum. Mælaborðið verður gert aðgengilegt sveitarfélögum að lokinni fyrstu fyrirlögn sem fyrirhuguð er í apríl. Með mælaborðinu fæst samanburðartölfræði milli sveitarfélaga um velferð barna.
- Í fyrstu fyrirlögn verða áhrif og upplifun barna af covid metin.
- Samkvæmt samstarfssamningi Kópavogsbæjar og barnamálaráðuneytisins var rekstur mælaborðs barna að öllu leyti yfirfærður til barnamálaráðuneytisins.
- Ráðgert er að rannsóknin verði í fimm ára hringrás þar sem spurningalistakannanir eru lagðar fyrir nemendur í grunnskólum á hverju ári, framhaldsskólum annað hvert ár og fyrir einstaklinga utan skóla á aldrinum 18-24 ára fjórða hvert ár.
- Um tímamót í æskulýðsrannsóknnum er að ræða þar sem í fyrsta skipti mun æskulýðsrannsókn einblína á greiningu upplýsinga frá ungu fólki utan skóla.
- Spurningalistakönnunin tekur til heilsu, líf skjara og vímuefnaneyslu barna og ungs fólks.
- Æskulýðsrannsóknir í Kópavogi hafa verið á vegum Rannsókna & greiningu. Samningur við Rannsóknir & greiningu gildir til og með 2022. Árið 2022 fer rannsókn meðal nemenda í 8.-10. bekk fram. Með því er tryggt að ekki verði rof á söfnun æskulýðsgagna í Kópavogi.